

2. Fundargerð Reiðskemmuneftndar. -

19. mars 2018, Félagsheimili Dreyra á Æðarodda. kl. 20.

Mætt: Hrafn Einarsson (HE) og Ása Hólmarðóttir (ÁH) frá hestamannafélaginu Dreyra. Einar Brandsson (EB) frá Akraneskaupsstað og Björgvin Helgason (BH) frá Hvalfjarðarsveit.

Fundarefni: Framhald frá síðasta fundi vegna undirbúnings og umræðu um byggingu reiðskemmu á Æðarodda.

ÁH stjórnaði fundi og ritaði fundargerð.

Rætt um 5 tillögur sem EB sendi nefndarmönnum, á milli funda, um útfærslur á eignarhaldi og rekstrarformi reiðskemmu. Í tillögunum er gert ráð fyrir gatnagerðargjaldi sem ekki var inn í fyrri kostnaðaráætlun Dreyra vegna byggingarinnar. Nefndarmenn sammála um að tillaga 1 og/eða tillaga 2 sé hentugust þ.e að Dreyri eigi húsnæðið eða stofni félag um byggingu og reksturinn en sveitarfélögin tvö muni koma inn í málið í formi styrkja.

Með tillögunum fylgdu einnig vinnupunktur frá fundi EB og Sigurðar Páls Harðarsonar sviðstjóra skipulags- og umhverfissviðs. Þar kom m.a fram að deiliskipulagsbreyting vegna nýs byggingarreits fyrir reiðskemmu ætti að taka um 3 til 5 mánuði, og að ekki sé nauðsynlegt að hafa snyrtingu í reiðskemmuni til að byrja með enda hægt að nota snyrtingar í félagsheimili.

Samþykkt að fram að næsta fundi muni Dreyri setja fram nákvæmari áætlun um vinnuframlag og áætlun um drög að fjármögnun kostnaðarluta Dreyra í reiðskemmu.

EB og BH munu ræða við sínar sveitarstjórnir um kostnaðarskiptingu Akraness og Hvalfjarðarsveitar.

ÁH falið að senda upplýsingar úr félagatali Dreyra til EB og BH.

Stefnt að næsta fundi í vikunni eftir páska.

Fundi slitið kl. 21.